

Bárðarbunga - húfa

EIN STÆRÐ

EFNI:

Léttlopi – 50g

1 svört (0005) og 1 rauð (9434) dokka
Sokkprjónar eða 40 cm hringprjónar nr 3½ og 4½

Perluprjón

1. umf: Prj 1 L sl, 1 L br til skiptis út umferðina.
2. umf: Prj brugðið í sléttar L og slétt í brugðnar L.

Prjónuð uppfit (Cable cast-on)

Prj sl í fyrstu L en takið lykkjuna ekki af vinstri prjóni. Smeygið nýju lykkjunni yfir á vinstri prjón. *Stingið hægri prjóni á milli síðustu tveggja L á vinstri prjóni og náði í bandið (prjónið 1 L). Smeygið lykkjunni síðan upp á vinstri prjón á sama hátt og fyrr*. Endurtakið frá * til *.



HÚFA

Fitið upp 84 L á prj nr 3½. Tengið í hring og prj perluprjón, alls 5 cm. Skiptið yfir á prj nr 4½ og haldið áfram að prj perluprjón þar til stykkið mælist 7½ cm frá uppfitjun. Endið á umf tvö í perluprjóninu (byrjið umf á br L). Prj munstur og úrtökur skv teikningu.

Skraut

Ein skrautlengja er prjónuð í hverja þeirra 7 L sem eru eftir. Byrjið á fyrstu L og gerið prjónaða uppfit (Cable cast-on), alls 15 L (líka hægt að hafa lengjurnar mislangar). Fellið af og setjið síðustu L á aukaband. Endurtakið í hverja L. Slítið frá og dragið bandið í gegnum 7 lykkjurnar 7 af aukabandinu.

MUNSTUR

Frágangur

Gangið frá endum. Skolið úr húfunni og leggið til þerris.

LYKILL

- = prj sl
- = prj br
- = prj 2 L sl saman
- = engin L

